

Snæfellsbær
Klettsbúð 4,
360 Hellissandi

4. febrúar 2025
202501-0026/A.B.
08.09

Efni: Lýsing - Deiliskipulag fyrir Malarrif, Svalpúfu og Vatnshelli í Snæfellsjökulspjóðgarði - Snæfellsbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 9. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Malarrif, Svalpúfu og Vatnshelli í Snæfellsjökulspjóðgarði.

Í greinargerð kemur fram að í fyrirhuguðu deiliskipulagi er á Malarrifi gert ráð fyrir útsýnispöllum, göngu- og upplifunarstígum, salernishúsi og að festa í sessi gestastofu og aðkomusvæði. Á þessu svæði er einnig grjótnáma og efnisgeymslusvæði sem gert er ráð fyrir að ganga frá auk vatnsbóls (brunnsvæðis). Við Svalpúfu er gert ráð fyrir að stækka bílastæðin og festa í sessi útsýnispalla og göngustíga og tengingar að Lóndröngum og Malarrifi. Með fyrirhuguðu deiliskipulagi er landnotkun við Vatnshelli fest í sessi og gert ráð fyrir mögulegum byggingareit vegna salerna.

Náttúruverndarstofnun bendir á að svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis SF-V 7¹ vegna sjófuglabýggðar. Þar nær kría alþjóðlegum verndarviðmiðum ásamt því að á svæðinu verpa tæp 2% íslenska ritustofnsins og nokkuð af hvítmáfi. Í greinargerðinni er ekki minnst á hvernig tekið skal tillit til þessa og mælir með að bætt sé úr því.

Náttúruverndarstofnun hefur ekki fleiri athugasemdir varðandi lýsinguna.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur

¹ [Náttúrufræðistofnun - Snæfellsnes SF-V 7](#)